

Samráðsfundur vegna endurskoðunar á vinnureglum vetrarþjónustu

Vegagerðin óskar eftir þátttakendum á samráðsfundi í öllum landshlutum til að endurskoða vinnureglur vetrarþjónustu.

Vegagerðin vinnur nú að því að yfirfara forsendur, forgangsröðun og meta tilefni til breytinga á gildandi reglum um vetrarþjónustu á þjóðvegum frá árinu 2018. Verkefnið er unnið í samstarfi við innviðaráðuneytið með áherslu á aðkomu hagaðila, á borð við fulltrúa sveitarfélaga, atvinnulífs og fleiri.

Yfirferð á gildandi reglum felst í að uppfæra mat á þjónustubörf og forgangsröðun auk þess að gera tillögur að breytingum og áhrif þeirra á þörf fyrir fjárveitingar.

Fundir verða haldnir á eftirfarandi stöðum og tíma:

- **Höfuðborgarsvæði og Suðurnes**, Hótel Keflavík, 2. október 2023, klukkan 13:00-16:00
- **Suðurland**, Hótel Stracta á Hellu, 4. október 2023, klukkan 13:00-16:00
- **Vesturland**, Fosshótel Stykkishólmi, 6. október 2023, klukkan 13:00-16:00
- **Vestfirðir**, Edinborgarhúsið, 9. október 2023, klukkan 13:00-16:00
- **Norðurland**, Hofi menningarhúsi, 11. október 2023, klukkan 13:00-16:00
- **Austurland**, Hótel Hérað, 12. október 2023, klukkan 13:00-16:00

Óskað er eftir þátttöku ykkar á samráðsfundum. Mikilvægt er að tilnefndur aðili mæti undirbúinn og hafi eitthvað fram að færa hvað varðar vetrarþjónustu Vegagerðarinnar.

Með von um þátttöku og gott samstarf,
Katrín Þ. Pálsdóttir

Skráning fer fram hér: <https://forms.office.com/e/p4vAzp8Kwb>
Skráningu lýkur þann 26. september 2023.

Ef spurningar vakna, vinsamlegast hafið samband við:
katrin.th.palsdottir@vegagerdin.is

